



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Drafnarsteinn

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Innra mat deilda 2024-2025	7
3.1	Innra mat Drafnaborgar	7
3.2	Innra mat Hulduhóla	9
3.3	Innra mat Brekku	11
3.4	Innra mat Tröllheima	13
3.5	Hulduhólar, Trölladyngja og Álfheimar	16
3.6	Innra mat Bjargs	17
4	Umbótaáætlun 2025-2026	19
5	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	27
6	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	27
7	Foreldrasamvinna	27
8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	28





1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn Drafnarsteinn er samansettur úr tveimur skólum, Drafnarborg þar sem er skilgreind ungarnadeild, og svo Dvergasteinn þar sem eru fjórar deildir, ein deildin þar er laus stofa.

Barnahópurinn er fjölbreyttur en 40% barnanna er tví/fjöltýngdur og eru 20 tungumál þeirra á milli. Í starfsmannahópnum er prósentan svipuð, eða um 40% starfsmanna hefur íslensku sem annað mál og eru nærri tugur móðurmála á milli þeirra. Fjölmenningin í starfsmannahópnum er líka mikil hvað varðar aðra þætti eins og aldur, menntun, kyn ofl. Sýn okkar er sú að með fjölbreytileika gefum við börnunum betra umhverfi til að læra og slíkur hópur endurspeglar samfélagið betur.

Það sem einkenndi þetta skólaár var án efa kjarabarátta kennara, en verkfall stóð yfir í rúmar fimm vikur á tveimur tímabilum, allan nóvember og svo í byrjun febrúar í eina viku en þá var loks samið. Drafnarsteinn tók þátt í verkfallinu ásamt skólum um land allt á öllum skólastigum og því mikið álag á þessum tíma. 18 starfsmenn sem eru í Eflingu og Sameyki ásamt leikskólastjóra voru í vinnu í barnlausu húsi. Sá tími var mjög vel nýttur í ýmsa aðra vinnu, en leikskólastjóri hélt uppi námskeiði sem hún alla jafna kenni fyrir ófaglærða í Mími. Við fengum að auki námskeið hegðunarráðgjafa vesturmiðstöðvar og frá MML en þá buðum við leikskóla Seltjarnarnes með þar sem þau voru einnig í verkfalli. Við fengum einnig gott boð frá leikskólanum Seltjarnarnesi á námskeið Barnaheilla um kynferðisofbeldi á börnum. Verkfallið hafði af okkur tvo skipulagsdaga, það var mikill skaði þó að mikið samtal og undirbúningur hafi átt sér stað á meðal þeirra sem ekki voru í verkfalli.

Þjóðasaga vetrarins var Selshamurinn og hófst sú vinna rúmum mánuði seinna en venjulega. Var brugðið á það ráð að þjappa þeirri vinnu á styttra tímabil og kvöddum við söguna eftir páska.

Góð viðbót í starfið var að við fengum afnot af Íþróttasal Vesturbæjarskóla einn dag í viku. Auk þess sem deildarstjórafundir voru haldnir nokkrum sinnum í fundarrými í Vesturbæjarskóla.

Mörg skemmtileg verkefni voru í gangi þrátt fyrir allt og kveð ég þetta skólaár stolt af starfsmönnum mínum sem eru jákvæðir og metnaðarfullir í starfi sínu.

Við höldum áfram að bjóða upp á íslenskukennslu fyrir þann hluta starfsmanna sem hefur íslensku sem annað mál á vordögum. Þeirri kennslu verður haldið áfram í haust enda allir mjög ánægðir með það fyrirkomulag. Kennt var í tveimur hópum og því kennsla tvisvar í viku.

Áherslu atriði okkar í menntastefnunni, heilbrigði var unnið aðallega að með aukinni hreyfingu, vettvangs ferðum og íþróttum í sal Vesturbæjarskóla. Við stefndum á regnbogavottun en þurftum að bíða eftir fræðslu sem er sett á skipulagsdag í haust og við byrjuðum á að taka í geng bókasafn og leikfangasafn skólans með "regnbogagleraugum". Foreldrafélagið gaf okkur stóra bókaþöfn sem





innibar nær allar bækur sem hafa verið gefnar út á síðustu misserum sem fjalla um regnbogafjölbreytileika. Kærleikur, virðing og vinátta var mikið tekið fyrir í deildarstarfi.

Í gróðurhúsinu okkar fer fram frábær vinna, en eftir forræktun fræja innan húss var farið í að setja niður í gróðurhúsið, fara í litlum hópum í allt vor og sumar og langt fram á haust til þess að vökva, reita arfa og taka inn ber og grænmeti til að hafa með í matartímum. Inni í húsinu eru líka haldnar fámennar sögustundir og fleira.

Foreldrasamvinna gekk mjög vel, í blíðu og stríðu í ljósi verkfalls þá var kærkomið að sjá að skólinn fékk tilnefningu Heimilis og skóla um foreldrasamstarf. Samstarf við foreldra er mjög dýrmætt og erum við með frábæra stjórn og metnaðarfulla sem hefur meðal annars haldið utan um fræðslu fyrir foreldra, skiptimarkaði og skemmtiviðburði í samstarfi við skólann.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Skemu skólans, haust og vetrarskema, jólaschema, ævintýraskema og vor og sumarskema. Úrbótaáætlanir.
Hvernig fór matið fram?	Matsdagur á skipulagsdegi í júní.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Helstu niðurstöður voru þær að mun meira náðist að gera en á horfðist sökum verkfalls. Ánægja með það.

Ytra mat

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Foreldrakönnun sem var send í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Helstu styrkleikar Drafnarsteins samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar voru að foreldrar upplifa að börnum þeirra líði vel, þau séu örugg í leikskólanum og að leikskólinn styðji við þarfir barnsins. Foreldum finnst notalegt andrúmsloft á leikskólanum, telja að honum sé vel stjórnað og eru almennt ánægð með skólann. Þau tækifæri til umbóta sem komu fram voru að börnin fengju fleiri tækifæri til að vinna að skapandi verkefnum og að unnið væri markvisst með stefnu og markmið leikskólans. Foreldrar gáfu aðbúnað leikskólans ekki háa einkunn. Fram kom einnig að foreldrar myndu vilja fá ráð um uppeldi, heilsu og samskipti.





Hvað var matið?	Starfsmannakönnunum
Hvernig fór matið fram?	Viðhorfsskönnunin Stofnun ársins var lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og sá Gallup um framkvæmdina
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Samkvæmt könnuninni eru helstu styrkleikar leikskólans að starfsmannahópurinn er fjölbreyttur, það er skýr stefna um jafnrétti kynja og allir njóta jafnræðis óháð aldri, kyni, uppruna, kynhneigð eða trúar og lífsskoðun. Starfsfólk gegnir ábyrgðarstöðum óháð kyni. Einnig kom fram að starfsmönnum fannst þau fá stuðning og hvatningu frá sínum yfirmönnum. Það sem starfsmönnum fannst helst þurfa að bæta úr var hljóðvist og vinnu og skrifstofu rími. Einnig fá launakjör lága einkunn.



3 Innra mat deilda 2024-2025

3.1 Innra mat Drafnaborgar

Styrkleikar

Styrkleikar Drafnaborgar á yfirstandandi skólaári voru margvíslegir og endurspeglast í sterku innra starfi og góðum árangri í daglegu leik- og námi barnanna. Sérstaklega bar að nefna vel skipulagða samvinnu starfsfólks, þar sem skýr samskipti og sameiginleg sýn stuðlaði að stöðugleika og vellíðan í leikskólastarfinu. Góð samvinna lagði traustan grunn að því að viðhalda markvissum og árangursríkum vinnubrögðum í öllu starfi.

Vandlega mótuð dagleg rúttína var einnig einn af burðarásum ársins. Hún skapaði öryggi og fyrirsjáanleika fyrir börnin, sem gaf þeim svigrúm til að njóta sín og þroskast á eigin forsendum. Í slíkum ramma þrífst leikur, nám og félagslegur þroski.

Þá reyndist það mikill styrkur að á báðum deildum, Hlíð og Hóli, var aldursmunur barnanna mjög lítill. Þetta auðveldaði starfsfólki að mæta þörfum hvers og eins á viðeigandi hátt og skapa jafnvægi í hópnum. Með samræmdum þroska stigum var unnt að vinna markvisst að eflingu grunnfærni í sjálfshjálp, einbeitingu og samskiptum, þar sem börnin gátu speglað sig hvert í öðru og lært í gegnum leik og samveru.

Börnin fengu tækifæri til að tjá sköpunarþrár sínar og ákveðið var að setja eins mörg skapandi verkefni og mögulegt var. Markmiðið var að kanna áferð, hráefni, liti og breytingar í náttúrunni. Sérstaklega tókst það að læra þjóðlega útgáfu af „Selshamurinn“ sem skólinn valdi fyrir veturinn.



Tækifæri



Starfsfólk Drafnarborgar sýndi mikinn metnað og fagmennsku við upphaf skólaársins og lagði sig fram um að skapa jákvæðar aðstæður fyrir börnin. Meirihluti leiðbeinendahópsins hóf störf í upphafi skólaársins og því var sérstaklega mikilvægt að samræma ferla bæði við að kynna nýtt starfsfólk fyrir daglegri rútinu og við að vinna markvisst að settum markmiðum.

Til að auka líkurnar á árangri var ákveðið að skipuleggja starfið með skýrum hætti. Þetta stuðlaði að reglubundinni þátttöku og sterkari tengslum á milli starfsfólks og barna.

Til að hámarka nýtingu undirbúningstíma fékk hver kennari tækifæri til að nýta hann annaðhvort í að skipuleggja eigin verkefni eða styðja við verkefni samstarfsfólks. Við innleiddum skráningarkerfi sem veitti innsýn í hvernig undirbúningstíminn var nýttur, hvað gekk vel og hvað mætti bæta. Þessi aðferð hefur aukið gagnsæi í vinnuferlunum og stutt við faglega þróun starfsfólksins.

Árangurinn af þessu skipulagi hefur verið augljós. Það jók líkurnar á að ná markmiðum með börnunum og skapaði líka vettvang fyrir starfsfólk til að vinna saman, styðja hvert annað og eiga dýpri samskipti. Á komandi hausti verður þessari uppbyggingu haldið áfram, með það að markmiði að efla starfsemi Drafnarborgar enn frekar og tryggja að rútinan mæti þörfum hvers og eins barns með sem bestum hætti.



3.2 Innra mat Hulduhóla

Styrkleikar

Styrkleikar deildarinnar voru samverustundir sem við vorum með á hverjum degi að minnsta kosti þrisvar sinnum á dag. Hópunum var skipt í tvennt tvisvar á dag og börn gátu notið alls þess sem rætt var. Starfsfólkið stóð sig mjög vel og tók virkan þátt í þessum augnablikum og undirbjó sig mjög vel til að veita börnunum mismunandi tegundir efniviðs.

Það sem gaf góða raun og kom í ljós að væri styrkleiki deildarinnar voru góð samskipti milli deildarinnar og foreldra. Við notuðum mikið Sway sem leið til samskipta og einnig til að deila góðum stundum og því sem við gerðum með börnunum, og við byrjuðum einnig á að senda föstudagstölvupóst og foreldrarnir voru mjög ánægðir með þetta framtak. Auk þess notuðum við deildarsímann okkar til að minna foreldra á mikilvæg atburði eða upplýsingar.

Þjóðsagan og hvernig við unnum með hana var líka einn af styrkleikum deildarinnar og mörg verkefni komu fram í ferlinu. Börnin stóðu sig mjög vel, og starfsfólkið voru sannarlega áhugasamt um þetta mikilvæga verkefni. Börnin voru mjög áhugasöm um þessa þjóðsögu, ræddu hana mikið, og mikið var unnið í tengslum við hana líka í listaskála. Öll börnin tóku þátt með gleði og áhuga.

Til að þróa málörvun notuðum við mikið af sjónrænu skipulagi, sérstaklega fyrir börn með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Við notuðum einnig tækifærið inni í deildinni til að búa til bókasafn og lesa fyrir börnin eða hvetja þau til að "lesa" sjálf. Í okkar samverustundum lásum við mikið fyrir þau og notuðum einnig efni til að hjálpa þeim að tjá sig meira og meira. Tákn með tali og samstarfið við verkefnastjóra fjölmennningar voru einnig veruleg og mikilvæg aðstoð.

Þjóðsagan var einn af hlutunum sem við náðum talsvert vel. Sagan var lesin aftur og aftur og börnin unnu mikið af verkefnum um hana. Við töluðum einnig mikið um þessa sögu og það var mjög góð leið til að bæta áhuga þeirra á og börnin stóðu sig ótrúlega vel.

Við stefnum að því að ýta undir sjálfstæði allra barna í gegnum dagskipulagið okkar og þannig hvöttum við börnin til að vera sjálfstæð og gera hlutina sjálf. Jafnvel við matarborðið höfðum við gert miklar breytingar til að efla sjálfstæði. Í fataklefanum börn komu í mjög litlum hópum til að klæða sig sjálf, og starfsfólkið hvatti þau mikið og hrósaði þeim mikið á meðan. Á klósettinu voru öll börn hvött til að gera þetta sjálf, og í samskiptum við foreldra náðum við góðum framförum í notkun á klósettinu líka.



Tækifæri

Það vara planað að fara í reglulegar gönguferðir og kanna náttúruna í mismunandi árstíðum. Eftir verkfallið fell þetta niður og á næsta ár erum við tilbúin að halda þessu "lifandi" inn í deildinni og fara oftar með þeim á mismunandi staði.

Vegna breytinga á skipulagi skólans næsta vetur verða eldri börn á Hulduhólum en hafa verið undanfarin ár. Umbótaáætlun verður gerð í samvinnu við Álfheima og Trölladyngju.



3.3 Innra mat Brekku

Vegna breytts fyrirkomulags voru yngri börn sett á Brekku en hafa verið síðustu ár. Einnig hafði nýr deildarstjóri tekið við og því var ekki unnið út frá umbótaráætlun síðasta árs, þar sem hún átti ekki lengur við í þessu samhengi.

Styrkleikar

Árið einkenndist af góðum samskiptum og traustu samstarfi við foreldra, sem við metum mikils. Við upplifðum að foreldrasamstarfið hafi gengið sérstaklega vel og stuðlað að jákvæðu og uppbyggilegu skólaári fyrir börnin á Brekku.

Frá upphafi skólaársins var lögð mikil áhersla á gott skipulag og skýra verkaskiptingu meðal starfsfólks. Sett var upp ítarlegt skipulag sem skapaði góðan grunn að daglegu starfi. Starfsfólk lýsti mikilli ánægju með skipulagið og auðveldaði það bæði samstarf og samskipti innan teymisins.

Skólaárið bar með sér sterka áherslu á samskipti og vináttu. Unnið var með bækur sem ýttu undir góðar samræður um virðingu og hvernig við komum fram við hvert annað. Við brugðumst markvisst við fjölbreyttum þörfum barnahópsins. Hvíldartími var aðlagður eftir aldri og þörfum barna. Fyrir áramót var hópnum skipt í börn sem sváfu og börn sem hlustuðu á sögu. Eftir áramót voru síðan öll börn hætt að sofa og þá hlustuðu þau öll á sögu.

Börnin voru hvött til að takast á við verkefni sjálf áður en fullorðnir stigu inn til að aðstoða. Þetta gildi um fatnað, salernisferðir, borðsiði, ágreiningsmál o.s.frv.. TRAS-skráningar voru nýttar til að aðlaga starfið að þörfum hvers og eins.

Starfsfólk skapaði rými fyrir skapandi vinnu og sjálfstæði barna í tengslum við náttúrulegt umhverfi. Börnin fengu að kynnast árstíðabreytingum, ferðum farfugla og öðluðust fjölbreytta reynslu í gegnum tengsl við náttúruna, svo eitthvað sé nefnt.

Regluleg notkun á íþróttasal Vesturbæjarskóla veitti börnunum tækifæri til bæði skipulagðrar og frjálsrar hreyfingar. Nokkrar gönguferðir voru farnar þar sem áhersla var lögð á ferðalagið sjálft frekar en áfangastaðinn.

Hópurinn okkar var fjörugur, sem kallaði á meðvitaða skiptingu í smærri einingar og gott skipulag. Við skiptum til dæmis í tvær samverur fyrir hádegismat og tvær hvíldarstundir. Þessi uppsetning stuðlaði að betri yfirsýn og færði börnunum meiri ró í leik og yfir daginn.

Við lögðum ríka áherslu á val barna í daglegu starfi.

Valtaflan var sett þannig upp að börnin gátu valið frjálst úr öllum þeim efnivið sem deildin hafði upp á að bjóða.

Á töflunni voru myndir af svæðunum og fjöldi barna sem máttu vera á hverjum stað. Þessi aðferð skapaði skýran ramma en gaf börnunum jafnframt mikið svigrúm til sjálfstæðis og valfrelsis.



Tækifæri

Við vorum ekki nógu dugleg að fara í gönguferðir síðasta skóla ár og við viljum bæta úr því næsta vetur.

Næsta vetur verður skipulags breyting í skólanum þannig að það verða yngri börn á Brekku. Þá mun einnig taka við nýr deildarstjóri sem mun þá frekar meta næsta vetur út frá markmiðum yngri barna.

3.4 Innra mat Tröllheima

Styrkleikar

Í umbótaáætlun síðasta árs var talað um aukið samstarf Trölladyngju og Álfheima og gekk sú sameining vel. Samstarf starfsmanna gott og þjónandi dagskipulag.



Í upphafi vetrar var gerður samstarfssamningur um afnot af íþróttasal Vesturbæjarskóla á þriðjudögum. Var þessi viðbót mikill happafengur og gafst Tröllheimum hér kjörið tækifæri til að sinna markvissri kennslu á sviði hreyfipjálfunar og kynnst Vesturbæjarskóla í leiðinni.

Í íþróttatímum lögðum við áherslu á að rannsaka ólíka

beitingu líkamans, kynnst eigin takmörkunum, gera mistök og læra af þeim. Í gegnum slíka þjálfum þar sem markvisst hrós er notað byggjum við upp sjálfstraust og mælanlegur þátttökuvilji jókst með hverjum tíma. Sigrarnir voru stórir og samstarfið við Vesturbæjarskóla gott.

Börn fædd 2019 fóru í skipulagðar ferðir í myndlistarskóla Reykjavíkur. Heilt yfir gekk þetta samstarf vel og fengu þau að prufa mismunandi miðla myndlistarinnar undir styrki leiðsögn kennara við myndlistarskólann.



Við tókum þátt í verkefni sem bar yfirskriftina „Leikur að orðum“ og er samstarfsverkefni tónmenntaskóla Reykjavíkur og barnamenningarhátíðar. Unnið var að þessu sinni með söngvaskáldið Braga Valdimar. Við lærðum lög, orð og unnum kennsluefni upp úr þeim og manninum sjálfum. Heilt yfir var þetta rosalega skemmtilegt verkefni. Ferð í tónlistarskólann þar sem við kynntumst hljóðfærunum var sérlega minnisstæð ásamt æðislegum degi þar sem við sungum í Eldborgarsal hörpu og fórum út að borða á veitingarstaðinn Hornið. Framkoma var æfð og töfrar tónlistarinnar nýttir til kennslu og örvunar.

Þessu námsskeiði hefur verið mætt með metnaði í vetur. Málsháttur vikunnar, orðasturtan, Selshamurinn, dægurlög og Lubbi eru allt verkefni sem hafa sama markmið sem er „að kenna íslensku“. Starfsfólk er stöðugt yfir allan daginn að ljá gjörðum orð og hefur sú vinna skilað sýnilegum árangri.



Börn deildarinnar eru misjafnlega langt á veg komin í málþroska eins og gefur að skilja og eftir foreldrafundi var ákveðið að vera með tvískiptar samverur og meira hópastarf og hefur það gefist vel. Í samverustundum fögnum við fjölmenningu, lærum að bjóða góðan dag á móðurmáli allra, ásamt því að gera okkur grein fyrir landafræði og mismundi menningu. Æfum okkur í framkomu og tjáningu. Þetta er gríðarstórt verkefni sem við ætlum að halda gangandi næsta skólaár.

Áttahagafræðin var tæklud með miklum metnaði í vetur og farið var í óvæntar ferðir í fyrirtæki sem eru staðsett í grennd við leikskólann. Við fræddumst um starfsemina og sungum fyrir viðstadda. Oftar en ekki var okkur vel tekið og var okkur ríkulega launað fyrir með allskonar varningi. Við könnuðum Lyfju, Bónus, Tannlæknastofuna, Hygge, Pizzuna, Krónuna, Byko, Ellingsen, Flatey, Valdísi. Samhliða fórum við í skipulagðar ferðir og klöppuðum brunahönum, töldum hopphjól (hoppum alltaf þegar við sjáum slík farartæki), fórum í fjöruna, töldum hundaskít, kíktum á reykjavíkurmótið í skák, fórum í fugla og kattaskoðanir og í kirkjugarðinn.

Unnið hefur verið í að valdefla og gera þau þrautseigari gagnvart viðbrögðum og skoðunum annara, taka sjálfstæðar ákvarðanir og lesa í eigið tilfinningaástand. Við upphefjum mistök og starfsmenn ganga þar fram með skýru fordæmi og fagna mistökum og gera þau óspart: „oooo klúður“. Börn eru líkt og við sem fullorðin eru stöðugt að leita eftir jákvæðri svörun og kanna mörk. Stuðst hefur við hrós og verðlaunakerfi notað til að hámarka jákvæða hegðun sérlega þegar kemur að tiltekt og umgengni með því að gera það að leik og skapa stemmingu.

Ákveðin rými á deildinni eru heilög og börnin geta alltaf gegnið að þeim vísum. Samanber hlutverkahorn, einingarkubbar, holukubbar og litaborðið. Innleiðing myndræns skipulags nýtist öllum og tímavaki er verkfæri sem við notum mikið.

Ritmál er sýnilegt á deildinni og bækur aðgengilegar öllum stundum. Til að auka enn við áhugann var bókaormurinn í gangi allt árið þar sem nemendur komu með bækur að heiman og í samveru fékk nemandinn tækifæri til þess að segja frá bókinni áður en hún er svo lesin fyrir mat.





Tækifæri

Sameiginlegir deildarfundir voru of fátíðir.

Deildarstjóri hefur sérlegan áhuga á íþróttþjálfun og hefði viljað skipuleggja ferðirnar í íþróttasal Vesturbæjarskóla betur. Fyrir næsta ár verður lagt kapp á að skipuleggja þessar stundir vel og búa til hæfnimatsmarkmið, og markvissara hópastarf. Það er einlæg trú deildarstjóra að betur má gera þegar kemur að dans, tónlistar og hreyfiþjálfun barna á yngsta stigi menntakerfisins.

Námsefnið Lubbi finnur málbein kennir börnunum íslensku máhljóðin og gekk illa að finna fastar stundir í dagskipulagi fyrir starfið.

3.5 Hulduhólar, Trölladyngja og Álfheimar

Næsta haust mun hafa í för með sér breytingar á fyrirkomulagi Brekku, Hulduhóla, Trölladyngju og Álfheima. Brekka mun taka við yngstu börnunum á Dvergasteini og munu hinar þrjár deildirnar hefja samstarf. Við viljum skapa ný tækifæri og rými þar sem öll börn frá þessum þremur deildum geta farið á hverja deild og notið leiks, athafna, efnis, hópstarfs og verkefna sem þar eru í boði, í samræmi við mjög skipulagða starfsemi á hverri deild og mjög fjölbreytt framboð náms fyrir börnin.

Starfsfólk Hulduhóla, Trölladyngju og Álfheima mun vinna saman þvert á deildir og taka virkan þátt í daglegu starfi alls hópsins. Hins vegar munu allar deildir virða sínar rútínur, þarfir barnanna og á sama tíma sameiginleg markmið með hinum tveimur deildunum. Þar að auki munum við leggja mikla áherslu við að stuðla að sjálfstæði barna og velferð þeirra í öllum aðstæðum.

Með þessu eru hugsað að börnin fái jöfn tækifæri til þess að njóta góðs af sérþekkingu og styrkleikum starfsmanna. Samvinna og flæði starfsfólks milli deilda mun stuðla að sterkari heild og dýrmætum tækifærum fyrir börnin til að upplifa fjölbreytt og innihaldsríkt nám.

Markmiðið er að skapa sveigjanlegt rými þar sem öll börnin geta notið leiks, athafna, efnis og fjölbreyttra verkefna. Þetta verður gert með góðu skipulagi. Börnin munu geta farið á milli og tekið þátt í skipulögðu hópstarfi sem byggir á styrkleikum og sérstöðu hvernar deildar. Á sama tíma verður lögð rík áhersla á að virða skipulag hvernar deildar og þarfir hvers barns.



3.6 Innra mat Bjargs

Bjarg er deild sérkennslu og fjölmennningar. Var ákveðið að skilgreina þessa starfsemi sem eina deild þar sem starfsmenn deildarinnar eru í miklu samstarfi og deila rými og efnivið.

Styrkleikar

Sérkennsla

Samstarfs Bjargs við deildir skólans hefur gengið vel í vetur. Þetta skóla ár var mjög óvenjulegt þar sem við vorum í löngu verkfalli í haust og nýr sérkennslustjóri tók til starfa eftir áramót. Þá tók einnig til starfa ný verkefnastýra fjölmennningar á haustmánuðum. Þrátt fyrir það hefur samstarfs við deildir skólans gengið vel.

Starfsfólki sérkennslu gekk vel að halda utan um skráningar á því sem þau voru að gera. Skráningarnar voru með því sniði sem hentar hverjum starfsmanni og verkefnum þeirra fyrir sig.

Fjölmennning

Verkefnastýra fjölmennningar útbjó í samstarfi við deildastjóra einstaklingsnámsskrá fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Að auki var gerð málörvunaráætlun þar sem foreldrum voru kynnt bæði almenn markmið fyrir öll börnin sem og einstaklingsmiðuð markmið. Á vormánuðum var staða barnanna metin í gegnum hæfnirammanna og út frá þeim niðurstöðum voru sett niður markmið, í samráði við deildarstjóra. Málörvun fór í fyrstu fram mikið inná deildum, þar sem verkefnastýra fjölmennningar gerði sér far um að kynnast börnunum vel. Síðar tóku við svokallaðir málörvunarhópar sem fóru að mestu fram inn í sérkennslurýminu. Vel var haldið utan um skráningar á því sem fram fór og hvernig gekk fyrir hvert barn, sem og hversu oft hverju barni var boðið.

Málörvun fór fram í gegnum markvissa þemavinna með orðaforða, þemun þetta skólaárið voru Líkaminn og svo Fuglar og Húsdýr. Bryddað var uppá þeirri nýjung að útbúa svokallaða Sumarbók fyrir hvert barn þar sem því gafst tækifæri á því að vinna áfram með orðaforða tengdan fuglum og dýrum í sumarfríinu með foreldrum og forráðamönnum. Sumarbókin fylgir svo barninu aftur í skólann að sumarfríi loknu og þá er hægt að nota hana til þess að ræða sumarfríð og hvað börnin upplifðu og sáu.





Tækifæri

Sérkennsla

Þrátt fyrir að samstarf við deildir hafi gegnið vel þá hefði Bjarg deildin sjálf mátt vera duglegri við að finna tíma til þess að tala saman. Bera saman skráningar, ræða næstu skref og deila reynslu sín á milli. Með breyttu skipulagi næsta skólaár verðu það enn mikilvægara að deildin gefi sér tíma til fyrir samtal til þess að vera samstíga í þeim verkefnum sem við erum að fást við.

Þegar tími sem barni er úthlutað er uppfylltur með aðeins einum starfsmanni sem sér bara um þann einstaklings nýtist styrkur og sérfræðiþekking starfsmannsins með mjög takmörkuðum hætti. Næsta skólaár viljum við nýta þekkingu og tíma starfsmanna betur með því að kortleggja í samvinnu með deildarstjórum hverjar þarfir barnanna eru og hvenær þau þurfa aðstoð. Tími starfsfólks sérkennslu er síðan skipulagður út frá þörfum barnanna og hvar þekking þeirra nýtist sem best.

Fjölmennning

Okkar reynsla er sú að íslenskunám barnanna gengur yfirleitt þeim mun betur þegar foreldrar sýna námi barna sinna áhuga og eru jafnvel sjálf að læra málið. Að því sögðu finnst okkur mikilvægt að reyna sem best að efla foreldrasamstarf við foreldra með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Einn möguleikinn væri að efna til fræðslu um tungumálanám og leiðir til þess að styðja við barnið. Þá væri jafnvel kjörið að nýta sér þjónustu og þekkingu brúarsmiða. Að okkar mati þarf að einhvern hátt að koma því betur til skila til foreldra að efling íslenskukunnáttu hjá barni er líka lykill að félagslegri farsæld barns og inngildingu þess í íslenskt samfélag. Gerð og útfærsla málstefnuáætlunar myndi einnig bæði efla starfsfólk og styrkja enn fremur skilning foreldra á mikilvægi íslenskunnar.





4 Umbótaáætlun 2025-2026

Drafnarborg – yngstu börnin	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Fast mótuð rúttína og skráningar starfsfólks
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fyrst og fremst að skapa vel skipulagða rúttínu til að byggja upp traust og öruggt rými fyrir yngri börn sem eru að fara í eldri deild og ný börn sem byrja í leikskóla í haust. Skráning undirbúningstíma starfsfólks mun hjálpa við að bæta skipulag daglegrar rúttínu og fylgjast með almennri framleiðni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við ætlum að hefja hausrúttínu með því að „endurmat og endurbætur“ aðferðinni. Við förum reglulega yfir hvernig undirbúningstíminn er nýttur, t.d. með stuttum spurningum eða fundi. Til að forgangsraða persónulegum þörfum hvers barns munum við vinna meira út frá þeirri meginreglu að deila úrræðum og hugmyndum. Markmiðið með þessu er að uppfylla bæði almenna hópáætlun og verkefni og gefa starfsfólki tækifæri til að tjá sköpunargáfu sína.
Ábyrgð	Deildastjórar Drafnarborgar og starfsfólks deildarinnar. Mögulega samstarf við Brekku.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á hverjum mánaðarlegum deildarfundum er rætt um árangur og markmið teymisvinnunnar. Starfsmenn ætla að svara stuttum spurningum um jákvæðar niðurstöður og umbótaþarfir. Foreldrar fá einnig tækifæri til að leggja mat á teymisvinnu og deila reynslu sinni í foreldraviðtöl. Mikilvægt er að halda vinnurýminu opnu fyrir gagnrýni og umbætur.





Tröll-Huldu-Heimar	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Heilbrigði og velferð
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa rými og tíma þar sem börnin munu njóta sín og þar sem þau munu finna að það sem kemur á óvart getur líka verið áhugavert og skemmtilegt á sama tíma.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við ætlum að skapa stundir á svæði sem kallast "Kemur á óvart". Á þeim stundum og í hópum munu börnin hafa tækifæri til að upplifa ýmsar tegundir af athöfnum: jóga, stærðfræði, vísindi, matreiðslu, spil, rím, dans, einingarkubba og eitthvað annað sem gæti komið frá börnunum sjálfum.
Ábyrgð	Deildastjórar Tröll-Huldu-Heimar og starfsfólks deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Regluleg samskipti milli deildarstjóra og góð áætlun. Góð samskipti við starfsmenn innan deilda, reglulegar fundir deilda og mat til að ná þessu markmiði að fullu. Við ætlum að skapa og skrá góðar stundir þar sem öll börn geta tekið þátt og eru velkomin, þar sem börnin leiða og gleyma sér í leik.





Tröll-Huldu-Heimar	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Heilbrigði og velferð
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Reglulegar gönguferðir og útikennsla
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við ætlum að fara reglulega í markvissar gönguferðir. Þær skulu vera vel skipulagðar eiga fastan sess í skipulagi deildanna.
Ábyrgð	Deildastjórar Tröll-Huldu-Heimar og starfsfólks deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Regluleg samskipti milli deildarstjóra og góð áætlun. Góð samskipti við starfsmenn innan deilda, reglulegar fundir deilda og mat til að ná þessu markmiði að fullu.





Tröll-Huldu-Heimar	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Heilbrigði og velferð
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Skipulagðar ferðir í íþróttasal Vesturbæjarskóla
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lagt verður kapp á að skipuleggja þessar stundir vel og búa til hæfnimatsmarkmið, og markvissara hópastarf.
Ábyrgð	Deildastjórar Tröll-Huldu-Heimar og starfsfólks deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Reglulegur samskipti milli deildarstjóra og góð áætlun. Skráningar þar sem haldið er utan um hvernig gengur, hvað virkar og framfarir hjá börnunum. Við ætlum að skapa og skrá góðar stundir þar sem öll börn geta tekið þátt og eru velkomin.





Tröll-Huldu-Heimar	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sköpun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla sköpun og gefa börnum tækifæri til að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við höfum í hyggju að bjóða oftari uppá listaskála og nota samverustundir til að ræða um verkefni sem þau vilja þróa þar eða til að ræða um hugmyndir sem gætu leitt til verkefna. Góð samskipti milli deildarinnar, starfsfólks, listasmiðjakennara og undirbúningstími verða lyklar að velgengni. Auk þess verða einnig skipulagðir tímar innan deilda til að ná þessum markmiðunum.
Ábyrgð	Deildastjórar, Listaskálakennari og starfsfólks
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Góð samskipti milli allra deilda og við lista kennarann. Góður undirbúningstími fyrir starfsmennina sem munu leiða þennan hóp, og einnig góður undirbúningur og umræður við börnin innan hversrar deildar til að halda þeim þátttakendum í verkefnunum. Fundi þar sem allir deildarstjórar koma saman og mat sem hefur verið gert á milli listar kennara og deilda til að skilgreina hvað við getum gert betur. Við ætlum að virða sjónarhorn barna, hvetja þau til sköpunar og efla rannsóknargleði þeirra í gegnum leik og samskipti. Það verður grundvallaratriði að ræða við börnin og láta þau vera virk í verkefnunum (viðtal við börn).





Bjarg - sérkennsla	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Verkefnaskipting og skipulag
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að það sé samstarf á milli sérkennsluteymis og deilda um hvernig er unnið að því að efla ákveðna þroska þætti hjá börnum sem þurfa á því að halda. Að það sé kortlagning á milli sérkennsluteymis og deilda á börnum sem þurfa á ákveðnum stuðningi að halda og hvernig sé unnið með það í dagskipulaginu inni á deild. Að þessi kortlagning sé nýtt til þess að ákveða hvaða starfsmaður sinni börnum sem eru með sérkennslutíma að hverju sinni. Þetta samtal sé einnig grundvöllur fyrir því að ákveða hvernig stöðugildi snemmtækrar íhlutunar sé nýtt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sérkennsluteymi sé í reglulegum samskiptum við deildar til þess að kortleggja hvenær sér mesta þörfin á að starfsmenn sérkennsluteymis sinni þeim tíma sem börnum hefur verið úthlutað. Einnig til þess að leggja mat á það í sameiningu hvernig sé best að nýta stöðugildi fyrir snemmtæka íhlutun.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og starfsfólk sérkennsluteymis.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í stöðugu samtali á milli sérkennsluteymis og deilda. Þetta getur átt sér á stað á deildarfundum, deildarstjóra fundum eða á lausnateymisfundum. Einnig að sérkennsluteymið haldi reglulega fundi þar sem farið er yfir stöðuna og hvernig starfsfólki finnist tími og þekking þeirra sé að nýtast.





Bjarg - fjölmenning	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Foreldrasamstarf og málstefnuáætlun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Okkar reynsla er sú að íslenskunám barnanna gengur yfirleitt þeim mun betur þegar foreldrar sýna námi áhuga og eru jafnvel sjálf að læra málið. Það er mikilvægt að reyna sem best að efla foreldrasamstarf við foreldra með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Koma því betur til skila til foreldra að efling íslenskukunnáttu hjá barni er líka lykill að félagslegri farsæld barns og inntöku þess í íslenskt samfélag. Yfirlýst málstefnuáætlun sem hægt væri að kynna fyrir foreldrum myndi að okkar mati einnig ýta undir mikilvægi íslenskunnar til inngildingar barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn. Mikilvægt er að kynna málstefnuna líka vel fyrir starfsfólki skólans sem ætlað er að starfa eftir henni. Valdís hefur nú þegar gert drög að slíkri stefnu sem eftir á að vinna áfram með stjórnendum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Efna til fræðslu um tungumálanám og leiðir til þess að styðja við barnið. Þá væri jafnvel kjörið að nýta sér þjónustu og þekkingu brúarsmiða. Málstefna leikskólans kynnt foreldrum.
Ábyrgð	Verkefnastýra fjölmenningar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Staða og framfarir barna eru metin í gegnum Hæfniramma en einnig væri hægt að biðja foreldra um eigið mat á slíkri fræðslu í foreldraviðtölum. Þá væri líka hægt að ræða reynslu starfsfólks af bæði fræðslunni fyrir foreldra og af útfærslu málstefnunnar.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Heilbrigði
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Unnið verður að regnbogavottun. Í því markmiði verður einnig unnið að innleiðingu Lausnahringsins.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla á skipulagsdögum. Innleiðing í deildafundum. Áminningar á veggjum í formi plaggats Lausnahringsins og hinseginfræðslu.
Ábyrgð	Leikskólastjórar skipa fræðslu á skipulagsdögum og fá plaggöt til áminningar. Deildastjórar gefa þessum þáttum tíma á deildafundum þar sem hver deild getur rætt hvernig hægt sé að vinna með þessa liði. Starfsfólk deildar hugar að því hvernig hægt sé að kenna börnum lausnir í árekstrum og virðingu fyrir náunganum í gegnum leik, sögur og söng. Allir hjálpast að og deila sín á milli hugmyndum til þess að kenna börnum lausnir í árekstrum og virðingu fyrir náunganum í gegnum leik, sögur og söng.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Vinna hófst með fræðslu á skipulagsdögum í september. Unnið verður að þessu út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Innleiðsla Lausnahringsins verður til umræðu á stjórnendafundum og deildafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Ef starfsfólk finnur að lausnirnar séu að hjálpa sér að hjálpa börnunum að eiga skýr samskipti við hvort annað hefur innleiðing tekist.



stuðst er við til að meta hvernig
tókst að ná markmiði

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

- Hinsegin fræðsla í sambandi við regnbogavottun
- Fræðsla um lausnarhringinn
- Þátttaka í verkefninu Leikur nám og gleði

6 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elsti hópurinn fór í reglulegar heimsóknir í Vesturbæjarskóla allt skólaárið. Byggingin var sýnd og við fengum að kynnast dagskipulegi 1. -og 2.bekkjar. Þessar heimsóknir voru ýmist í útiveru, lestrarstund á bókasafninu, “samsöngur” eða heimsóknir í íþróttasal o.fl.

Að vori héldum við skilafund með Vesturbæjarskóla enda yfirleitt 90% eða meira af okkar hóp sem fer þangað. Annars komum við öllum gögnum til annara skóla eins og Landakotsskóla eða Grandaskóla en höldum ekki skilafundi nema það sé talið nauðsynlegt. Á þessu ári var skilafundur með Landakotsskóla en heimsóknir þangað og í Grandaskóla hafa verið í höndum foreldra.

Þetta gekk vel og við viljum halda þessu samstarfi áfram.

Einnig fórum við í heimsókn í frístund hjá Vesturbæjarskóla og buðum þeim á ofan nefndan skilafund.

7 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna í Drafnarsteini hefur verið til fyrirmyndar.

Stjórn foreldrafélagsins hefur bæði haldið út skemmtunum, s.s.

Vorhátíð, páskaföndri ofl. Ásamt því að hafa haft metnaðarfull fræðslukvöld fyrir foreldra. Í vor fengum við tilnefningu Heimilis- og skóla fyrir foreldrasamstarf.





8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal



Mynd af starfsmannahópnun á skipulagsdegi við Hvaleyrarvatn í júní sl. Þar var skólaárið metið og notið þess að vera saman.

Skipulags dagar 2025-2026 verða eftirfarandi:

8. september, 2. október, 10. nóvember, 2. janúar, 6. febrúar og 12. júní.

Lokað verður í leikskólanum vegna sumarleyfis 8. júlí til 5. ágúst.

Sérstakir dagar í menningu skólans auglýsum við sérstaklega til foreldra.

Leikskóladagatal 2025 - 2026												Drafnarsteinn	
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ		
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M		
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F		
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F		
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L		
5 Þ	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S		
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M		
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ		
8 F	8 M	8 F	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M		
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F		
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 S	10 S	10 M	10 F		
11 M	11 F	11 L	11 F	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L		
12 Þ	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S		
13 L	13 M	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M		
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ		
15 Þ	15 S	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M		
16 L	16 M	16 F	16 F	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F		
17 S	17 M	17 F	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F		
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 S	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L		
19 Þ	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S		
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M		
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ		
22 F	22 M	22 M	22 M	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M		
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F		
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F		
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L		
26 Þ	26 S	26 M	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S		
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M		
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ		
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M		
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F		
31 S	31 M	31 F	31 M	31 L	31 M	31 F	31 F	31 M	31 S	31 M	31 F		

F. h. leikskólans

Halldóra Guðmundsdóttir (hún/She)

Leikskólastjóri/principal





Leikskólinn Drafnarsteinn

Dvergasteinn - Seljavegur 12, 101 Reykjavík

Drafnarborg - Drafnarstígur 4, 101 Reykjavík

halldora.gudmundsdottir@reykjavik.is

411-3630/6188924





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðný Hrafnkelsdóttir
Ingibjörg Finnbogadóttir
XXXXX XXXXXX





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð Drafnarsteins vill lýsa yfir ánægju sinni með leikskólann, stjórnendur og allt starfsfólk hans. Á leikskólanum starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks með fjölbreyttum hópi barna, og í gegnum allt starf skín umhyggja þeirra fyrir börnunum. Starfsfólkið er lausnamiðað, jákvætt, skapandi, umhyggjusamt og hugmyndaríkt, og leggur metnað sinn í að gera daglegt starf barnanna innihaldsríkt, fróðlegt og skemmtilegt.

Starfsáætlun Drafnarsteins endurspeglar þennan metnað og sýnir vel það faglega starf sem fer fram á leikskólanum. Foreldraráð metur mikils það góða samstarf sem ríkir milli foreldra og starfsfólks og þann jákvæða anda sem einkennir starfið.

Það eina sem ráðið vill sérstaklega benda á er að bæði í foreldra- og starfsmannakönnunum hefur komið fram að aðbúnaður leikskólans mætti vera betri. Foreldraráð vill því beina því til Reykjavíkurborgar að bæta úr þeim málum, svo börn og starfsfólk fái þann aðbúnað sem þau eiga skilið.





Að öðru leyti hefur ráðið ekkert út á faglegt starf leikskólans að setja og lýsir yfir fullum stuðningi við starfsáætlunina.

Fulltrúar í foreldraráði:

Guðný Hrafnkelsdóttir

Ingibjörg Finnbogadóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



